Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1896-1900

Aðfnr. 1283, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík. —

Í Niðurj. Rvíkur, 26. jan. 1900.

Sem formaður niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur og í umboði hennar leyfi jeg mjer hjermeð að gefa yður, hr. bæjarfógeti, eptirfylgjandi skýrslu um störf hennar, aðalniðurjöfnunina fyrir yfirstandandi ár. —

Nefndin byrjaði fundi sína 3. nóv. f. á., og lauk þeim 28. s. m. — Var niðurjöfnunarskráin síðan afgreidd til yðar, og eptir að hún hafði legið frammi til sýnis á lögákveðinn hátt, bárust nefndinni 29 kæruskjöl yfir auka-útsvörunum, og voru kærur þessar úrskurðaðar af nefndinni á fundum hennar 12. og 14. þ. mán. — Með úrskurðunum voru eptirtaldar breytingar gjörðar á niðurjöfnuninni:

I. Bætt við gjaldendum, er eigi voru áður á skránni:

1. Einar Helgason, garðfræðingur, gjald kr. 25,00
2. Sigurður Sigurðsson, búfræðingur, — 10,00.
3. Guðjón Björnsson, trjesmiður, — 10,00

II. Fellt niður gjald:

Daníel Bernhöft, bakari — kr 40,00.

III. Lækkað gjald:

1. Árni Guðmundsson, Bræðraborg, lækkað um kr. 2,00
2. Einar Þórarinsson, Garðbæ — 2,00
3. Ólafur Rosenkranz, leikfimiskennari — 10,00.
4. Kristín Blöndal, ekkjufrú — 10,00.
5. Bjarni Þórarinsson, frá Reykhólum — 10,00
6. Guðlaugur Þorbergsson, Lindargötu — 2,00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Halldóri Ólafssyni, járnsmiði, Hlíðarhúsum, launað um - - - - Kr 4,00
8. Halldóri Þórðarsyni, bókbindara; launað um — 10,00.
9. Fjelagsprentsmiðjan, Rvík, - - 20,00.
10. Þórði Andersen, Rvík - - 4,00.
11. Guðm. Þorsteinssyni, prentara - - 5,00.
12. Grími Grímssyni, Skálholtskoti - 2,00
13. Jóni Torfasyni, Hákonarbæ - - - 2,00.
14. Sveini Th. Dalhoff, gullsmiður - - 4,00
15. Pjetri Pjeturssyni, bæjargjaldkera - 5,00
16. Magnúsi Vigfússyni, Miðseli - 2,00

IV. Kærum frá eftirfylgjandi mönnum er eigi þurfti að sinna lesti:

1. Vilborgu Jónsdóttur, Laugaveg.
2. Brynjólfi Bjarnasyni, kaupmanni.
3. Þorkeli Halldórssyni, Bergstaðastræti.
4. Guðmundi Gíslasyni, Garði (Rauðagerði).
5. Guðmundi Bergssyni, skólakennara, Laugaveg 11.
6. Þorsteini Gunnarssyni, lögregluþjóni.
7. Elísabetu Jónsdóttur, Reykjavík ([illegible]).
8. Hólmfríði Gísladóttur, frá hússtjórnarskólanum. —
9. Sigurði Jónssyni, fangaverði.
10. Þórunni A. Björnsdóttur, yfirsetukonu.
11. Þorbirni Bjarnasyni, Reykjavík. —

Jafnframt og jeg tilkynni yður þetta, hr. bæjarfógeti, endursendi jeg yður skjöl þau, sem voru með brjefum yðar, dags: 23. júní og 26. okt. f. ár. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.**

Reykjavík 26. d. október mán. 1899.

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðsins, sem nú hefur verið samin, ber að jafna niður sem aukaútsvörum í bæjarstarfir árið 1900 28878 kr. 8 aur., vil jeg til leiðbeiningar við niðurjöfnunina telja hjer á eptir þá menn, er fengið hafa atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 23. júní þ. á.

I. Borgarabrjef til verzlunar:

×Sveinn Jóhannes Árnason

×Hans Július Jörgensen

×Erlendur Erlendsson

II. Sveinsbrjef:

×Ingimar Jónsson trjesmiður.

III. Tómthúsmennskuleyfi:

×Guðmundur Einarsson frá Ferjunesi

×Hallgrímur A. Hansson frá Vatnsleysuströnd

×Sigurður Þórðarson Birtingaholti

×Sara Vigfúsdóttir frá Bakkakoti

×Guðjón Guðmundsson frá Brekku í Vogum

×Eiríkur Jónsson úr Hraungerðishreppi

×Ólafur Ólafsson frá Gaukstöðum

×Sigmundur Jónsson úr Hafnarfirði

Gísli Mattíasson frá Felli í Biskupstungum

IV. Lausamennskuleyfi:

×Halldór Þorláksson frá Möðruvöllum í Kjós

/. Bónarbrjef þeirra, er fengið hafa tómt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsnæmsskuleyfi, fylgja hjer með til afnota, en biðjast endursend.

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.**

Reykjavík 23. d. júní mán. 1899.

Síðan 26. október f. á. hafa eptirtaldir menn fengið aðsetur- og atvinnuleyfi hjer í bænum.

I. Borgarabrjef

75 1. Friðrik Eggertsson, skraddari ÷
86 2. Pjetur Þorkelsson, kaupmaður
34 3. (Casper) Kortervitz, Casper ÷
22 4. Guðm. Guðmundsson — " ÷
38 5. — " Sigurðsson — "
70 6. Runólfur Pjetursson — " ÷
72 7. Siggeir Torfason — " ÷

(45)

II. Sveinsbrjef

57 1. Kristján E. Hansen, trjesmiður
49 2. Jón G. Adolfsson, skósmiður
18 3. Guðjón Kr. Jónsson — "
26 4. Guðm. Bjartmarsson, trjesmiður
67 5. Páll Böðvarsson, söðlasmiður
30 6. Guðni Oddsson, trjesmiður ÷
75 7. Sigurður Halldórsson — " ÷
78 8. Sveinn Á. B. Gíslason — "
64 9. Ólafur Th. Guðmundsson — "
27 10. Guðm. Þorbjarnarson — "
61 11. Loptur Sigurðsson — "
92 12. Sveinn Guðm. Gíslason — "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

50 13. Jón B. Jónsson, skósmiður
91 14. Jens Jónsson, trjesmiður
89 15. Þorsteinn Sigurðsson, skósmiður
2 16. Bjarni Þorláksson, trjesmiður
52 17. Jón Magnússon — " —
51 18. " Guðmundur — " —
66 19. Pjetur Ingimundarson — " —

III Skipstjórasýslani.

35 1. Helgi Helgason, Skipstjóri
44 2. Jóhann Jóhannsson — " —
79 3. Stefán Kr. Bjarnason — " — 1/1
53 4. Jón Ólafsson — " —

IV. Kaupmannaleyfi.

9 1. Einar Bergsson
85 2. Valgerður Bjarnadóttir, Hverfisgötu No 1.
3 3. Bjarni Sigurðsson — " — "
8 4. Björn Jóhannsson, Miðhúsum
81 5. Steinunn Björnsdóttir, Tulinshúsi
10 6. Einar Þorsteinsson, Bakkabúð
31 7. Guðrún Jónsdóttir Laugaveg 42.
17 8. Elín Grímsdóttir, Grettisgötu
16 9. Friðrik Hansson, Brennu
11 10. Einar Þórðarson, Garðbæ
36 11. Helga Pjetursdóttir, Melgerði
30 12. Guðfinna Magnúsdóttir, Austurstræti 14.
38 13. Ingvar Þorsteinsson, Rauðagerði 1/1

~~24~~ 14. Guðrún S. Þorkelsdóttir, Vesturg. 27.
~~42~~ 15. Jóhanna Bjarnadóttir, Hverfisgötu 5.
~~28~~ 16. Guðný Pjetursdóttir, Laugav. 36^c
~~82~~ 17. Steinunn G. Finnsdóttir Lindargötu 8.
~~2~~ 18. Guðlaug Ásgeirsdóttir, Blómsturv. Framnesveg
~~63~~ 19. Metta Þorsteinsdóttir, Klapparstíg 2.

V. Húsmannsdeild[?]

1. Níels Pálsson, Þorbergsstöðum, Akurkoti } Tekin ... [illegible]
2. Sigríður Tómasdóttir, Akurkoti . .
~~11~~ 3. Runólfur Guðmundsson, Steinhúsinu
~~76~~ 4. Sigurður Gíslason Skógtjörn
~~72~~ ~~5.~~ Einar Jónsson Eyvakoti
~~1~~ ~~6.~~ Ásmundur E. Jóhannsson frá Nyrðrikoti
~~69~~ 7 Pjetur Hansson Laugavegi
~~4~~ 8. Bjarni Bjarnason frá Steinsholti
~~39~~ 9. Ingimundur Jónsson í Króggólfsstöðum
~~5~~ 10. Bjarni Bjarnason í Ölfusvatnsfelli
~~87~~ 11. Þorleifur Jónsson Ólafsvöllum
~~54~~ 12. Jón Bjarnason Hafnarfirði
~~57~~ 13. Katrín S. Sigurðard. frá Skálanesi
~~23~~ 14. Guðm. Guðmundsson í Ási í Holtum
~~14~~ ~~15.~~ Guðjón Sigurðsson Kirkjuvogi
~~43~~ 16. Jóhann Daníelsson, Starkaðarhúsum
~~55~~ 17 Jón Jóhannsson frá Nýjabæ í Seltjarnarnesi
~~32~~ 18. Guðrún Hróbjartsdóttir, Görðunum
~~88~~ 19. Þorsteinn Guðmundsson, Steinsholti
~~80~~ 20. Stefán Jóhannsson, Narfakoti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~85~~ 21. Ólafur P. Eyólfsson Hofi á Kjalarnesi
~~77~~ 22. Sigurður Hermannsson, Keflavík
~~56~~ 23. Jón Jónasson Skipholti í Rvík
~~76~~ 24. — Einarsson Hólabrekku
~~45~~ 25. Jónas Jónsson Melkoti
~~73~~ 26. Sigmundur Guðmundsson, Borgareyri
~~77~~ 27. Jón Eyólfsson
~~17~~ ~~28~~. Gísli Kristjánsson Vesturg. 24.
~~59~~ 29. Kristinn Ásgrímsson, Brjánsstöðum.
~~24~~ 30. ~~Guðmundur~~ Arason
~~60~~ 31. Kristján Guðnason, (Byggarði) Sandvík
~~74~~ 32. Sigmundur Magnússon Blesastöðum
~~84~~ 33. Teitur Jónsson Viðey
~~62~~ 34. Magnús Magnússon
~~42~~ 35. Ívar Helgason, verzlunarstjóri
~~33~~ 36. Gunnar Guðmundsson, Eyrarkoti.
~~44~~ 37. Jón Guðmundsson, Vesturgötu 26
~~6~~ 38. Bjarni Þórðarson, Reykhólum
~~37~~ 39. Halldór Friðleifsson, Eyvindartungu
~~66~~ 40. Ólafur Jónsson, Ólafsvík
~~13~~ ~~41~~. Einar Einarsson Hraunprýði
~~7~~ 42. Björn Jónsson frá Syðri-Þverá

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, og um leið senda umsóknarbrjef þeirra manna er fengið hafa tómthúsmannaleyfi. — Brjef þessi bið jeg mjer endursend þegar nefndin hefur notað þau. —

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefnd

Reykjavíkur 9. Jan. 1900.

Jeg leyfi mjer hjermeð að kalla meðnefndarmenn mína í niðurjöfnunarnefndinni á fund, sem haldinn verður í Iðnaðarmannahúsinu á morgun miðvikudag 10. þ. m. kl. 4 1/2 eptir hádegi, – til þess að ræða og úrskurða útsvarskærur þær, sem mjer hafa verið sendar. –

Þórhallur Jónsson
p. t. form: nefndarinnar. –

Hra ~~[illegible]~~

-- Adjunkt Pálmi Pálsson sjeð
-- Verzlunarstjóri Ólafur Árnundason sjeð
-- Kaupmaður Kr. Ó. Þorgrímsson sjeð.
-- Vegagjörðarmaður Einar Finnsson sjeð
-- Skipstjóri Hannes Hafliðason sjeð
-- Fátækrafulltrúi Guðm. Guðmundsson, Bjarnaborg sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefnd

Reykjavíkur, 2. Nóv. 1899.

Með því að bæjarfógetinn í Reykjavík hefur sent mjer undirskrifuðum skjöl þau, er lúta að störfum niðurjöfnunarnefndarinnar þetta ár, þar á meðal ákvæði bæjarstjórnarinnar um upphæð niðurjöfnunargjalds næsta ár, og tilkynningu um kosningu nýrra manna í nefndina, — tel jeg mjer það skylt, að kalla nefndina á fund, til þess að hún geti kosið formann sinn, og ákveðið hvernig haga skuli niðurjöfnunarstörfunum þetta ár. —

Fyrir því leyfi jeg mjer að kalla yður á fund, sem haldinn verður í Iðnaðarmannahúsinu (uppi á lopti í vesturendanum) á morgun föstudag 3. þ. m. kl. 4 1/2 e. hád. —

Kristján Jónsson

Herra kaupm. Kr. Ó. Þorgrímsson, sjeð.
— Adjunkt Pálmi Pálsson, séð
— verzlunarstjóri Ólafur Ámundason, sjeð
— fátækrafulltrúi Guðm. Guðmundsson;
— Vegfræðingur Einar Finnsson, sjeð
— Skipstjóri Hannes Hafliðason. — sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.**

Reykjavík 26 d. október mán. 1899.

Hérmeð leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra yfirdómari, sem formanni niðurjöfnunarnefndarinnar, að á kjörfundi 16. þ. m. hafa þeir Pálmi adjunkt Pálsson, Einar vegabótastjóri Finnsson og Hannes skipstjóri Hafliðason verið kosnir til að eiga sæti í niðurjöfnunarnefndinni næstu 6 ár í staðinn fyrir Jóhann prófast Þorkelsson og Steingrím kaupmann Johnsen, sem hafa setið í nefndinni lögákveðinn tíma og Johannes kaupmann Hansen, sem er dáinn.

Halldór Daníelsson

Til

formanns niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það vottast hjermeð að herra skósmiður Rafn Sigurðsson hefur næstliðinn vetur og sumar, og er enn, jafnaðarlegast verið svo veill til heilsu, að hann þolir enga áreynslu.

Reykjavík 7. nov. 1899.

Guðm. Magnússon,
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð vil jeg leifa
mjer undirrituð að biðja
hina heiðruðu Niðurjöfnunar
nefnd í Reykjavíkur kaupst.
um að frýja mig við auka
útsvar næst komandi ár
sökum þess að jeg dvel hjá
tengdasyni mínum og erum
komin á elliár og gjetum
því ekki unnið neitt fyrir mjer
og af þessum ástæðum sem jeg
hef nú [illegible] áður til greint
vona jeg hin heiðraða niður
jöfnunarnefnd fríji mig við
auka útsvar, virðingarfyllst
Rvík 11 Nóvember 1899.
Kristjana J. Jóhansdóttir
Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Umsetning Ben. S. Þórarinssonar árið 1897 — 9800
1898 9650

Skuldir: við Landsbankann 5000 kr
— „ — við Sigurð Sigurðsson 1000 kr.
— „ — við Þórunni Eiríksdóttr 1000 kr. (ábyrgðarm: O. Sveinsson Sigfús Eymundsson
— „ — við Einar Sigvaldason 400 kr. (ábyrgðar: O. Sveinsson Björn Kristjánsson
— „ — Við B. H. Sýslumanns Efth. 800 kr.

Eign fyrir utan íbúðarhúsið er 50 hlutabréf í Gránufélagi með 3%

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík þ. 13. nóvember 1899.

Með því að talsverð breyting er orðin á efnahag mínum, síðan faðir minn dó, og þar sem breyting þessi hlýtur að hafa talsvert áhrif á aukaútsvar það, sem á að jafna niður á verzlun H. Th. A. Thomsens eða mig, leyfi jeg mjer hjermeð virðingarfyllst að láta hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd í tje nokkurar upplýsingar þessari breytingu viðvíkjandi.

Fyrst er að taka fram, að móðir mín situr í óskiptu búi. Jeg hef ekki fengið neinn arf, en jeg hef keypt verzlunina af búinu, og er því orðinn einn eigandi að verzlun H. Th. A. Thomsens. Annað hvert verður því að leggja útsvar á mig eða á verzlunina, en ekki á báða parta, þar sem jeg þá yrði að greiða tvisvar útsvar.

Tekjurnar af verzlun H. Th. A. Thomsens hafa fyrst og fremst minkað um 4800 krónur á ári. Þetta er sú upphæð, sem jeg verð að borga móður minni í rentur. Þvínæst verð jeg að borga 2 fasta menn, sem jeg nú verð að hafa á kontórnum í Kaupmannahöfn til þess að vinna það verk, sem áður faðir minn hefur annast, og auk þess verð jeg að borga árlega afborgun af skuldinni til móður minnar og öll þau útgjöld, sem á verzluninni hvíla. Jeg býst því við, að tekjurnar af verzluninni verða að minnsta kosti helmingi minni en þær hafa áður verið, og jeg vona fastlega, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd taki tillit til þessa, og geri greinarmun á stórskuldugum innlendum kaupmanni og vel efnuðum erlendum kaupmanni, þó að nafnið sje hið sama, sem verið hefur.

Virðingarfyllst

D. Thomsen.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur